

Alþingi
Erindi nr. P 143/1322
komudagur 26.3.2014



Alþingi - Utanríkismálanefnd
Aðalstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. mars 2014
Mál nr. 1403005

Umögn um tillögu til þingsályktunar um að draga til baka umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu og um eflingu samstarfs við Evrópusambandið og Evrópuríki, 340. mál.

Utanríkismálanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna og Samtaka fiskvinnslustöðva um tillögu til þingsályktunar um að draga til baka umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu og um eflingu samstarfs við Evrópusambandið og Evrópuríki, 340. mál.

Samtökin hafa eindregið lagst gegn aðild að Evrópusambandinu og gert grein fyrir því í umsögnum til Alþingis frá 11. júní 2009, 38. mál og 4. apríl 2011, 471. mál og ályktað um það á aðalfundum sínum.

Afstaða samtakanna byggir á þeim grundvallarsjónarmiðum að tryggja verði að Íslendingar fari sjálfir með forræði yfir fiskveiðiauðlindinni, hafi samningsforræði við skiptingu veiðiréttar úr deilistofnum og tali eigin máli á vettvangi alþjóðastofnana, enda er um að ræða einn mikilvægasta þáttinn í efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar.

Þessir mikilvægu hagsmunir skipta hagsmuni Íslands það miklu máli að þeir yfirgnæfi allt annað í samanburði á kostum og göllum við hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu.

Með hliðsjón af ofangreindu þá kemur um leið fram afstaða samtakanna til þingsályktunartillagna á þskj. 641.-344. mál og á þskj. 656.- 352. mál.

Kolbeinn Árnason
Landssamband íslenskra útvegsmanna

Arnar Sigurmundsson
Samtök fiskvinnslustöðva